

Gammafundur fimmtudaginn 4. apríl 2019 í fundarsalum Kerhólum Borgartúni 12

1. Formaður setti fundinn kl. 19:30, bauð Gammakonur velkomnar og kveikti að því loknu á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Því næst var nafnakall sem Hildur Sk. framkvæmdi. Mættar voru 20 félagskonur: Árný, Edda Vikar, Fríða Bjarney, Gerður, Guðný, Helga H., Helga Th., Hildur J., Hildur S., Ingibjörg Ein., Kristín B., Kristín J. sagnfr., Krístrún, Margrét, María, Pálína, Ragnheiður, Sigríður, Stefanía, Stella.
3. Ritari las fundargerð frá fundi 6. mars, sem var samþykkt samhljóða.
4. Formaður hóf dagskrá fundarins með því að minnast Sigrúnar Aðalbjarnardóttir sem lést 19. mars sl., en hún var ein af stofnendum Gammadeildarinnar. Pálína Jónsdóttir, sem er einnig ein af stofnendum Gammadeildar flutti síðan minningarorð um Sigrúnu en þær útskrifuðust saman úr Kennarskólanum 1944 og hafa verið vinkonur allt frá þeim tíma. Sigrún fæddist 8. desember 1923 í Halldóorskoti á Hvaleyri við Hafnarfjörð. Pálína sagði frá lífinu á skólagöngu þeirra, en bekkjarfélagarnir voru sérlega skemmtilegur hópur og þekktur m.a. fyrir hve margir voru skálmæltir í honum. Margt var sér gert til skemmtunar m.a. æfður dans í frímútunum og þá oftast en ekki nýjustu tilbrigði við dansa sem þá voru í tísku. Sigrún hélt áfram í dansi, stundaði nám í Dansskóla Heiðars Ástvaldssonar um árabíl og þau hjón voru um hríð í sýningarflokki nemenda Heiðars, þannig að þessar dansæfingar skiluðu sér allavega til hennar. Pálína talaði sérstaklega um Ísak Jónsson sem kenndi þeim og stýrði æfingakennslu yngri barna. Hann kom strax auga á kennarahæfileika Sigrúnar og réði hana við skólann sinn Skóla Ísaks Jónssonar að loknu kennaraprófi. Hún átti farsælan feril í Ísaksskóla, en kennsla hennar einkenndist af ró, Festu og hlýju. Gamlir nemendur hennar sýndu henni tryggð og þakklæti alla ævi. Sigrún var virkur félagi í Gammadeild þar til heilsan brást og hún tók örlögum sínum með miklu æðruleysi. Pálína lauk orðum sínum með að biðja guð að blessa minningu Sigrúnar Aðalbjarnardóttur.
5. Aðalefni fundarins var fyrirlestur Eirúnar Sigurðardóttir, myndlistarkonu um skapandi ferli og Gjörningaklúbbinn. Hún sagði frá bókinni *Skapandi ferli* sem hún ákvað að semja eftir reynslu sína sem kennara í Listaháskóla Íslands. Hún lýsti vörðunum fjórum sem skapandi ferli byggist á en þær eru mikilvægir vegvísar varðandi að styðja nemendum við að meta stöðu sína og taka ákvarðanir. Kynningar, samtals- og samvinnuverkefni minnkar spéhæðslu nemenda og auka samvinnuhæfni, traust og samheldni. Í gegnum verkefni sem byggð eru upp á þennan máta sem lýst er í Skapandi ferli myndast oft tengslanet sem getur skipt miklu máli í náminu og þegar fólk er að taka sín fyrstu skref á listabrautinni.
Eirún sagði síðan frá reynslu sinni sem starfandi myndlistarkona í Gjörningaklúbbnum, en hann hefur starfað síðan 1996 og unnið út frá þeirri aðferðafræði og hér hefur verið lýst. Klúbburinn setti sér í upphafi tvær grunnreglur sem eru að engin ein á hugmyndina og það er ekki gefið upp hver gerir hvað, enda væri það ill mögulegt þegar samstarfið er svona náð. Gjörningaklúbburinn var útnefndur Listhópur Reykjavíkur árið 2018. Hann starfar á mörkum listgreina og hugmyndir hans tengjast oft félagslegum málefnum með feminískum áherslum í bland við glettni og hressandi einlægni. Gjörningaklúbburinn vinnur með þá miðla sem þjóna hugmyndum hans hverju sinni og á að baki fjölda einka- og samsýninga í söfnum og galleríum um allan heim og hefur einnig sýnt gjörninga í óhefðbundnari rýmum og á sviðslistahátíðum. Eirún sýndi nokkrar myndir frá ferli Gjörningklúbbsins og fylgdi þeim eftir með skýringum/lýsingum. Vakti athygli fundarmanna hve

fjölbreyttan feril Gjörningaklúbburinn á og hvað hann virðist óhræddur við að feta nýjar slóðir s.s. með ljósmyndaverkinu *Girnilegar konur* og *Móðir jörð* "Play-takkinn" við Vatnsfellsvirkjun.

Í lokin lagði Eirún verkefni fyrir hópinn, sem hún skipti upp í þrjá og þrjár saman með tómt hvítt umslag sem grunn/kveikju og síðan lagði hver og ein í púkkið/hugmyndavinnuna eitthvað sem hún bar í sinni "tösku/bakpoka." Tóku Gammakonur vel í þetta og skiluðu af sér fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum á aðeins 10 mínútum.

6. Kaffihlé var gert um níuleytið með ljómandi góðum veitingum nokkurra velvaldra Gammakvenna.
7. Eftir kaffihlé var Kristín Jónsdóttir, sagnfræðingur með orð til umhugsunar. Hún vakti máls á unga fólkinu í dag sem hún er mjög hrifin af. Sérstaklega hvað þau eru frjó, samfélagslega virk og hugrökk við að koma skoðunum sínum á framfæri við yfirvöld. Sagði hún máli sínu til stuðnings söguna af nemendum við framhaldsskóla í Flórída sem héldu mótmælafundi gegn vopnaeign Bandaríkjamanna í kjölfar byssuárásar í framhaldsskóla þar í landi. Kristín sagði frá í þessu samhengi sænsku stúlkunni Gretu Thunberg sem lokaði sig af í heilt ára og talaði ekkert því hún hafði svo miklar áhyggjur af loftlagsmálum. Nú mætir hún ekki í skólann á föstudögum, situr fyrir utan sænska þingið til að mótmæla aðgerðarleysi stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins vegna loftslagsbreytinganna í heiminum. Hún hefur verið tilnefnd til friðarverðlauna Nóbels enda vakið heimsathygli fyrir mótmælin. Unglingar á Íslandi hafa líka látið til sín taka og mætt í stórum hópum á Austurvöll á föstudögum til að mótmæla aðgerðarleysi stjórnvalda í loftslagsmálum og nemendur úr Hagaskóla efndu til hópaðgerða til að mótmæla því að vísa ætti Afganskri skólasystur þeirra úr landi. Þó nokkrar umræður urðu meðal fundarmanna út frá efninu.
8. María formaður færði Fríðu Bjarney rós fyrir lánið á fundarstaðnum ásamt undirbúningi og aðstoð vegna fundarins og Eirúnu rós fyrir fyrirlesturinn. Pálinu færði hún hvíta rós til minningar um Sigrúnu Aðalbarnardóttur og þakklæti fyrir falleg minningarorð. Formaður sleit fundi kl. 22:00 og slökkti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Í lok dagskrár var síðan ljóðið „Ómar vorljóð, ómar þú“, sungið og formaður sleit fundi kl. 22:00 og slökkti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Ritari: Hildur Skarphéðinsdóttir